

GJALDSKRÁ

til innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar.

1. gr.

Þeir sem haft hafa rekstrarleyfi Fiskistofu til eldis nytjastofna sjávar frá 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 greiði fast eftirlitsgjald með gjalddaga 1. nóvember 2005. Þeir sem höfðu rekstrarleyfi hluta af tímabilinu greiði fast eftirlitsgjald í hlutfalli þess tíma miðað við 20.000 –tuttuguþúsund– kr. fyrir 365 daga.

Upphæð gjaldsins er sem hér segir:

Eldisstöðvar með leyfi til minni ársframleiðslu en 200 tonn greiði 20.000 –tuttuguþúsund– kr.

Eldisstöðvar með leyfi til meiri ársframleiðslu en 200 tonn greiði 30.000 –þrjátíuþúsund– kr.

2. gr.

Eindagi eftirlitsgjalda skv. 1. gr. er vegna dráttar á útgáfu gjaldskrárinnar ákveðinn 31. desember 2005 og varða vanefndir afturköllun rekstrarleyfa viðkomandi aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sjávarútvegsráðuneytinu að fengnum tillögum Fiskistofu, með heimild í 7. gr. laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar og 25. gr. reglugerðar nr. 238/2003 sem sett var á grundvelli þeirra laga, og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. desember 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.